

Nefndasvið Alþingis
B.t. Atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld (innheimta veiðigjalda, sérstakt veiðigjald o.fl.). 15. mál.

Almennt

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld (innheimta veiðigjalda, sérstakt veiðigjald o.fl.). 15. mál. Lagt fyrir Alþingi á 142. löggjafarþingi 2013. Félagsmenn Félags atvinnurekenda, Samtök íslenskra fiskimanna (SÍF) hafa mikla hagsmuni af því að vandað sé vel til verka þegar settar eru reglur um veiðigjöld. Sjónarmiðum um jafnræði, bætt og betra samkeppnis- og viðskiptaumhverfis sjávarútvegsfyrirtækja verði haft að leiðarljósi við slíka vinnu.

Athugasemdir

Undirritaður fyrir hönd samtakanna vill gera nokkrar athugasemdir við umrætt frumvarp að því er varðar jafnræði, samkeppnis- og viðskiptastöðu sjávarútvegsfyrirtækja. Samtökin áskilja sér hinsvegar rétt til að koma með frekari ábendingar er á síðari stigum í þinglegri meðferð frumvarpsins.

SÍF mótmælir harðlega frumvarpinu í heild sinni. Lög um veiðigjöld er ætluð til að viðhalda því **óréttlæti** að sumir sem ráða yfir svokallaðri aflahlutdeild eða krókaaflahlutdeild, það er hlutdeild í úthlutaðum aflaheimildum hverrar tegundar sem takmarkaðar eru veiðar á í aflamarkskerfi eða krókaaflamarkskerfi. Áfram fá þessir aðilar þær aflaheimildir úthlutaðar til sín **fyrir gjald/verð sem er langt undir markaðsvirði.**

Það er stjórn SÍF og félagsmanna SÍF hulin ráðgáta að ríkisstjórn Íslands skuli úthluta verðmætum gæðum með slíkri gjafaáskrift og það á **undirverði** að það hljóti að vera sérstakt rannsóknarefni. Engin rökræn hugsun styður slíka gjöf til fárra manna í íslensku samfélagi. Ríkissjóður stendur mjög illa eftir hrunið 2008 og því brýnt að auka tekjur. Það er ein góð leið í boði sem eykur tekjur ríkissjóðs og innleiðir jafnræði við úthlutun aflaheimilda. SÍF vill því benda atvinnuveganefnd og alþingismönnum á eftirfarandi leið.

SÍF fer fram á að allar aflaheimildir sem íslenska ríkið ræður yfir verði leigðar út til útgerðaraðila í gegnum uppboðsmarkað til lengri og/eða skemmri tíma og til hæstbjóðenda. Skipt eftir byggðarlögum, svæðum, útgerðarflokkum og fleiri atriðum. SÍF vill að sóknardagar verði boðnir upp fyrir smábáta undir 15 brúttótonnum að stærð.

SÍF bendir vinsamlegast á að ef veiðigjaldsnefnd skortir valdheimildir til að sinna sínu starfi og finna út sérstakt veiðigjald, þá er nú þegar til fyrirmynd í settum lögum frá Alþingi þar af lútandi og hafa gefist ágætlega innan sjávarútvegs.

Í 2. mgr. 5. gr. laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna nr. 13/1998 er að finna fyrirmynd að valdheimildum fyrir veiðigjaldsnefnd sem atvinnuveganefnd getur nýtt sér og alþingismenn til að bæta við lög um Veiðigjöld nr. 74/2012.

En þar segir:

„Verðlagsstofa skiptaverðs getur við athugun einstakra mála krafist upplýsinga frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, sem og bönkum og sparisjóðum, óháð þagnarskyldu þeirra.“

Það er von SÍF að atvinnuveganefnd og alþingismenn geti nýtt sér þessar upplýsingar og fyrirmynd til að bæta við lög um veiðigjöld og þar með bundið enda á óvissu um valdheimildir veiðigjaldanefndar.

Að lokum áskilur undirritaður sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Undirritaður lýsir sig jafnframt reiðubúinn til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

Finnbogi Víkar

f.h. stjórn SÍF